

Upplýsingar um vinnslu tilboða.

1. Matvælastofnun berst sölu-/kauptilboð vegna viðskipta með greiðslumark mjólkur. Tilboðsgjafa send skrifleg staðfesting á móttöku tilboðs.
2. Tilboð skoðað og gengið úr skugga um að það sé rétt útfyllt og því beri saman við þinglýsingarvottorðið.
3. Eftir þörfum er staðfesting á eignarhaldi könnuð í skrá hjá Fasteignamati ríkisins.
4. Kannað hvort öll leyfi veðhafa fylgi.
5. Farið yfir ábyrgðaryfirlýsingar lánastofnana með kauptilboðum.
6. Borið saman magn á tilboði við greiðslumarksskrá.
7. Ef um sölu leiguliða á eigin greiðslumarki er að ræða skal bera tilboð saman við skrá yfir fyrri sölusamninga.
8. Sé um aðilaskipti að ræða sem fara fram á uppboðsmarkaði þann 1. apríl, skal kanna hvort ónotað greiðslumark þ.e.a.s hvort A-hluti beingreiðslna seljanda verði ofgreiddur eftir aðilaskiptin. Sé það tilfellið mun Matvælastofnun draga þá fjárhæð frá söluverði við frágang viðskipta viðkomandi seljanda.
9. Tilboð skráð í tilboðsskrá MAST.
10. Tilboð opnuð með birtingu jafnvægisverðs og magns á heimasíðu Matvælastofnunar 1. apríl og 1. nóvember. Upplýsingar verða settar fram í yfirliti ásamt upplýsingum um jafnvægisverð.
11. Upplýsingar um seljendur og sölumagn frá hverjum og einum eru sendar til BÍ 5 dögum eftir að uppboð hefur farið fram. BÍ tekur tillit til þess við útgreiðslu á A-hluta beingreiðslna sem greiddar eru annars vegar 1. maí og hins vegar 1. janúar. Upplýsingar um ofgreiddan A-hluta beingreiðslna skal BÍ senda Matvælastofnun fyrir 15. virka dag eftir uppboðsmarkað.
12. Matvælastofnun kannar hvort áskilið skilyrði fyrir sölu, að um sé að ræða ónotað greiðslumark sé uppfyllt.
13. Tilboðsgjöfum sem gert hafa tilboð, sem tekið verður er send tilkynning um að tilboði hafi verið tekið og óskað sé eftir nýju veðbókarvottorði. Veðbókarvottorð skal ekki vera eldra en 5 daga gamalt á greiðsludegi þegar uppgjör við seljendur fer fram.
14. Greiðslumiðlun milli seljenda og kaupenda.
 - a. Fyrsta virka dag næsta mánaðar eftir opnun tilboða skulu kaupendur greiða kaupverðið að fullu inn á uppgefinn bankareikning MAST.
 - b. Farið verður yfir skilyrt veðleyfi séu þau fyrir hendi.
 - c. Uppgjör við seljendur fer síðan fram sjö virkum dögum síðar. Beri þann dag upp á laugardag eða sunnudag, fer greiðsla fram næsta mánudag þar á eftir.
15. Skráning greiðslumarks í greiðslumarksskrá fer fram 15. janúar vegna uppboðs 1. nóvember og 15. júní vegna uppboðs 1. apríl.
16. Greiðsla beingreiðslna skv. nýrri greiðslumarksskrá fer fram 1. febrúar vegna uppboðs 1. nóvember og 1. júlí vegna uppboðs 1. apríl.